

# MONITOR



FRITT  
EINTAK



# Hafa þau of miklar áhyggjur af þér?

Gerðu samning um öruggan akstur við foreldra þína. Það sýnir í verki að þér sé treystandi í umferðinni og þú færð stuðning og leiðsögn til baka frá þeim.

Samningurinn er hvatning fyrir unga ökumenn til að tileinka sér ábyrgð í akstri. Það fylgir því ómældur ávinningur að fylgja honum eftir.

Kynntu þér málið á [bilprof.tm.is](http://bilprof.tm.is)

Björn Bragi, Allan, Benni, Fannar, Hödd,  
Jónas Margeir, Tobbi, Hugufrún og svo framvegis...

TÍMINN LÍÐUR HRATT  
Á GERVIHNATTAÖLD



**FANNAR**

Fyrstu sex: 240688.  
Fyrirmynd: Pabbi.  
Uppáhaldsfréttamaður: Ingólfur Bjarni Sigfússon.  
Uppáhaldsgrínisti: Fyrsta Fóstbræðrateymið.  
Lífið er: Krukka.

**BENEDIKT**

Fyrstu sex: 300488.  
Fyrirmynd: Logi Bergmann.  
Uppáhaldsfréttamaður: Breki Loga.  
Uppáhaldsgrínisti: Eggert Þorleifsson.  
Lífið er: Völundarhús.

# Vonandi barn þjóðarinnar

Eftir að hafa slegið í gegn í netsjónvarpi mbl.is hafa Hraðfréttamennirnir **Benedikt Valsson** og **Fannar Sveinsson** ákveðið að róa á önnur mið í haust en þá mun þátturinn þeirra vera sýndur beint á eftir Kastljósinu á föstudögum.

Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson slógu í gegn í vor í örþáttum sínum, Hraðfréttum, sem sýndir voru á MBLsjónvarpi. Margir þáttanna fengu ansi gott áhorf og viðbrögð almennings voru jákvæð og eftir þeim var tekið. Svo virðist sem starfsfólk Ríkissjónvarpsins hafi verið í þeim hópi því nú hafa þeir Benni og Fannar samþykkt að ganga til liðs við RÚV og ætla þeir að halda áfram Hraðfréttum sínum þar í haust þar sem þeir slá botninn í Kastljósið á föstudögum. Hugmyndin að þáttunum hafði blundað lengi í þeim félögum áður en þeir létu til skarar skríða. „Það er svona ár, eitt og hálf síðan hugmyndin kviknaði hjá okkur Benna. Okkur langaði að gera einhvern grínfréttabátt sem væri hraður og það væri alltaf „köttað“ á allt mjög snemma,“ segir Fannar og bætir við að upphaflega hafi þeir ætlað að láta flest eiga sér stað í settinu. „Við ætludum að vera með íþróttafréttir og veður en svo þegar við sett-

umst yfir þetta þá breyttist hugmyndin töluvert og til urðu þættirnir eins og þeir eru í dag.“

**Erfitt en skemmtilegt**

Þegar strákarnir ákváðu að kyla á að gera þáttinn gerðust hlutirnir fljótt. „Ég er að vinna hjá mbl.is sem tókumaður, klippari og þátta-gerðamaður en við gerðum fyrsta þáttinn án nokkurrar vitundar samstarfsmanna minna. Svo sýndi ég þeim þáttinn og þeim leist vel á og settu hann í loftið,“ segir Fannar. „Þá þurftum við að gjöra svo vel að búa til ný þætti í viðbót svo að þá upphófst skemmtileg en oft og tíðum erfitt vinna. En brandararnir sem betur fer koma svolítið til okkar því ið þurfum bara að finna fréttir sem við treystum okkur til að snúa út úr eða finna fyndinn vinkil á. Það er bara gaman.“

Í fyrstu þáttaröð Hraðfréttanna komu margir þekktir Íslendingar við sögu en Fannar segir

það hafa verið lítið mál að sannfæra fólk um að koma í þáttinn. „Flestir tóku vel í það að koma við erum líka svolítið ýtnir og við hlustum yfirleitt ekki ef fólk segir nei,“ segir Fannar.

Uppi eru hugmyndir þess efnis að þeir félagar verði einnig með útvarpsþátt á Rás 2 í haust en þær eru þó einungis á byrjunarstigi. „Það væri skemmtileg viðbót ef að því yrði,“ segir Fannar. „Mér finnst útvarp svo skemmtilegur miðill, svo opinn og fyrirvaralaus. Þetta er eins og að vera leikari og fá að spinna á sviði,“ bætir Fannar við en segir að það yrði bara aukaglaðningur því fyrst og fremst snúist þetta um að halda áfram með Hraðfréttir. „Það er spennandi og krefjandi að færa sig yfir á vinnustað þar sem allt snýst um að búa til sjónvarp. Þarna höfum við tækifæri til að vanda okkur enn betur og móta þáttinn. Vonandi verður þátturinn barn þjóðarinnar í náinni framtíð,“ segir Fannar að lokum í léttum tón.

Mynd/Eggert

# MMM

## MONITOR MÆLIR MEÐ...


**Á NETINU**

Síðasta sumar fór Gunnar Sigurðarson mikinn á mbl.is í netþættinum **Gunnar á Völlum**. Þátturinn hitti rækilega í mark hjá fótboltaunnendum enda þótti hann frumleg nálgun á þessari fallegu íþrótt. Það voru því gleðitíðindi þegar nýlega var tilkynnt að Ólafsvík-Ingurinn kæmi til með að snúa aftur á völlum í sumar, en fyrsti þátturinn fór af stað í vikunni og heldur áfram að rúlla í sumar.



**UM HELGINA**

Á sunnudaginn næstkomandi fögnum við Íslendingar þjóðhátíðardegnum 17. júní. Eins og sönnum hátíðum fylgja þjóðhátíðardegnum ýmsar hefðir, á meðal þeirra má nefna það að fá sér pylsu, kandífloss og brjóstsykursnuð, anda að sér heliumi úr blöðru til að tala eins og mús, röla um bæinn með sólgleraugu, kíkja á tónleika á Arnarhóli og svo framvegis. Monitor mælir með því að lesendur láti það eftir sér að „sautjándi júnía yfir sig“ á sunnudaginn. Áfram Ísland!



**FYRIR SKROKKINN**

Til að eiga góða innistæðu fyrir því að „sautjándi júnía yfir sig“ er þjóðráð fyrir kvenkyns lesendur Monitors að taka fram hlaupaskóna á laugardaginn, nánar tiltekið 16. júní, og taka þátt í **Sjóvá-kvennahlaupi ÍSÍ**. Um er að ræða 23. hlaupið í sögu hlaupsins og jafnframt fagnar ÍSÍ 100 ára afmæli sínu í ár. Sprettið úr spori, stelpur!



## Vikan á facebook



**Thorunn Antonia Magnúsdóttir**  
Símanum mínum var stolið í 10- 11 :(  
11. júní kl. 16.40



**Simmi Vill**  
Skrítið hvað mér finnst tíminn líða hraðar eftir því sem ég eldist.  
Er ég einn um það?  
11. júní kl. 15.37



**Unnsteinn Manuel Stefánsson**  
Var næstum því búinn að ræna pug sem ég sá á laugaveginum í gær. Þannig að, KÆRU facebook-vinir, endilega hjálpið mér að finna pug fyrir Lunu svo ég fari ekki í fangelsi!  
11. júní kl. 14.40



**Unnsteinn Manuel Stefánsson**  
Leita að pug til að barna (hvolpa) Lunu... Hvert sný ég mér? Veit ekki einhver um einmana pug?  
7. júní kl. 12.49

## FEITAST I BLAÐINU

**4** Hinn magnaði Einar Lövdahl er mættur aftur til leiks með sjóðheitan **BELG**.



**6** Stíl-Lísa gefur gömlum hlutum nýtt líf og kíkir á stelpurnar í **Dótturfélaginu**.



**8** Halldór Helgason er einn fremsti snjóbrettamaður heims en lítill keppnismaður.



**14** Haukur Harðarson elskar Coldplay og er sáttur í draumavinnunni sinni.



## Efst í huga Monitor Leiðinlegur hundur og heppið stál

**M**onitor býður þessa vikuna upp á svakalegar þælingar. Slíkar þælingar koma oft upp í hugann hjá fólki en fæstir staldra þó lengi við þar sem þetta er allt saman svo eðlilegt í daglegu lífi.

Ég var samsé að hlusta á útvarpið um daginn og það var eins og svo oft áður einhver svakalegur leikur í gangi þar sem hlustendur áttu möguleika á því að vinna eitthvað ótrúlegt með því að hringja inn. Konan í útvarpinu hvatti fólk til að hringja inn og sagðist spennat að heyra í einum stálheppnum hlustanda. Og það var þá sem þælingin fór af stað í kollinum á mér, þæling sem hefur marg-



sinnis gert sig heimakomna í huga mínum. Af hverju segjum við stálheppinn? Hver ákvað það að stál væri svona heppið? Forskeyti lýsingarorða eru nefnilega oft og tíðum ansi ruglandi og gefa ranga mynd af dýrum, líkamsstarfsemi, málum og ýmsu öðru.

Hver ákvað það að hundar væru leiðinlegir og að svín virki? Síðan hvenær er gall hart? Er gall ekki vökvi? Hvaða er svona rétt við háar og er skítur ekki yfirleitt heitur frekar en kaldur?

Mig sviður hreinlega í vörunum því það eru svo margar spurningar sem brenna á þeim. Getur einhver svarað þessu? Bara einhver?

Með kveðju,  
Einn ringlaður.

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)  
**Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir  
**Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Skapti Hallgrímsson (skapti@mbl.is)  
**Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136



FRA LEIKSTJÓRA  
ALIEN OG GLADIATOR  
**P R O M E T H E U S**

LEITIN AÐ UPPRUNA OKKAR  
GÆTI LEITT TIL ENDALOKANNA

KOMIN Í BÍÓ Í 3-D

SENDU SMS SKEYTIÐ  
**ESL PRO**  
Á NÚMERIÐ **1900**  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VILTU  
VINNA  
MIÐA?

FULLT AF VINNINGUM:  
**BÍÓMIÐAR**

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.  
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

[WWW.SENA.IS/PROMETHEUS](http://WWW.SENA.IS/PROMETHEUS)




MAGNÚS GRÖNDAL,  
SÖNGVARI WE MADE GOD



MYRRA RÓS

## MúsMos haldið í fimmta sinn

Tónlistarviðburðurinn MúsMos verður haldinn í fimmta sinn á laugardaginn næstkomandi í Álafossvosinni. Það eru íbúar Álafossvosarinnar ásamt öðrum velgjörðamönnum sem sjá um skipulagningu tónleikanna. Þar koma fram margar efnilegar hljómsveitir og listamenn en ein aðal hugmyndin á bak við hátíðina er að styðja við grasrótina í tónlistarsenu landsins með áherslu á Mosfellsbæ, ásamt því að fylla Álafossvosina af lífi.

Í ár fellur það í hlut Lovely Lion, Ylju, Múgsefjunar, My Brother is Pale, Myrra Rósar, Tontería, Sleeps Like an Angry Bear, We Made God og Endless Dark að troða upp á viðburðinum en dagskráin stendur frá kl. 15:00 til 19:00 og aðgangur er ókeypis.



MÚSMOS-SVIÐIÐ Í ÖLLU SÍNU VELDI



ÞEIR STANDA SAMAN ALLIR SEM EINN, KAMRARNIR

## Enginn drepinn, allt í lagi

**S**kál! hrópaði mannskapurinn á vorkvöldi nokkru þegar systir mín gekk í hnapphelduna fyrir skemmstu. Að skála er siður sem flestir kannast við, margir hverjir muna jafnvel eftir að hafa byrjað snemma að finna það sport að klingja glasi sínu við einhvern með tilheyrandi upphrópun. Það var hins vegar í þessari veislu sem ég heyrði í fyrsta sinn sögu af meintum uppruna upphrópunarinnar „skál“. Maður nokkur sem ég þekki sagði mér að orðið væri komið frá ránsförum norrænna víkinga á Bretlandseyjum þegar þeir kórónuðu vel heppnaðar ránsfeðir með því að drekka úr höfuðkúpum fórnarlamba sinna. Í þá daga hefði því verið hrópað „skull“, sem er enska orðið yfir hauskúpu, sem síðar hafi þróast yfir í „skál“.

**H**vort sem þessi villmannlega saga er sönn eða ekki, þá má skemmta sér yfir þessari þælingu og hún er finasta innlegg í samtali í miðri veislu. Eftir þessa sögu svaraði annar veislugestur nefnilega með áþekktari sögu, í þetta sinn um uppruna orðsins „ókei“. Sú saga hljómaði á þann veg að orðið, sem oft er skrifað „OK“, sé komið úr bandaríska frelsisstríðinu. Á það að hafa komið til þegar menn skrifuðu skilaboð manna á milli í stríðinu en samkvæmt sögunni var þá ritaður tölustafurinn núll og bókstafurinn K sem skammstöfun fyrir „zero killed“ eða „enginn drepinn“. Var það þá til marks um vel heppnaðan bardaga og upp frá því hafi merking skammstöfunarinnar víkkað í þá merkingu sem í dag er lögð í orðið „ókei“.

**S**é þessari sögu flett upp á netinu má sjá ýmsa fræðimenn skjóta þessa kenningu í kaf og því skal henni tekið með fyrirvara, rétt eins og sögunni um „skál“. Hins vegar fékk hún mig til að rifja upp sögu sem af minni sagði mér einu sinni af því hvernig orðið „klósett“ hefði komið inn í íslensku en sú saga hermír að það hafi gerst þegar breska herliðið hernam Ísland á stríðsárum. Bretarnir höfðu meðferðis helling af kömrum sem á stóð orðið

**///** ...þegar þeir kórónuðu vel heppnaðar ránsfeðir með því að drekka úr höfuðkúpum fórnarlamba.

„closed“ þegar þeir voru í notkun. Sé það orð lesið eins og það sé íslenskt má heyra hvernig umrædd kenning kemur heim og saman.

**L**íkt og allir vita eru afar og ömmur oftast ekki gullkistur fróðleiks og beint í kjölfarið á klósettsögunni rifjaði ég upp sögu sem amma mín sagði mér af því þegar franskir sjómenn við Austfirði fóru að versla við íslenska bændur á árum áður. Frönsku sjómennirnir komu á land og kölluðu „paysan, paysan!“ (bóndi á frönsku) og fengu íslenskar lopapeysur í skiptum fyrir vörur sínar og upp frá því varð „peysa“ hluti af íslenskri tungu.

**U**ndirritaður er enginn orðsifjafræðingur og í sjálfu sér set ég þessar sögur allar fram í gamni enda varpa þær fyrst og fremst ljósi á hvað orð geta verið skemmtileg. Ég mæli með því að lesendur prófi að leiða hugann að því að á bak við annað hvert nafnorð eða svo í orðaforða þeirra gæti leynst einhver álíka sniðug saga. Ef til vill er ekki kórrétt\* sagt frá í þeim öllum, en þá er líka bara „enginn drepinn“.



### ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is

\*Íslenskun á „correct“?

SAMSUNG

Listamaðurinn



Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

## Samsung GALAXY Note

- Taktu niður nótur eða rissaðu skissur með "S Pen" pennanum
- Risastór skjár með HD upplausn
- Fjöldi teikniforrita sem eru sérhönnuð fyrir þennan síma
- Deildu teikningum með mms, email, á samfélagsmiðlum eða einfaldlega prentaðu þær út!



Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

Lísa Hafliðadóttir  
lisa@monitor.is



HÉR ER BÚIÐ AÐ BÚA TIL FLOTT VEGGSKRAUT ÚR GÖMLUM STRÆTÓ MIÐUM. SKEMMTILEG HUGMYND.



EFTIR

VIÐARKOMMÓÐA FÆR GLÆNYTT ÚTLIT MEÐ FALLEGRI MÁLINGU OG NÝJUM HÚNUM.



EFTIR

# Gamalt gætt nýju lífi

Hver þekkir það ekki að vilja breyta örlítið til á heimilinu og hressa upp á útlitið? Það þarf ekki endilega að hoppa beint út í búð og kaupa nýjustu mubluna dýrum dómum. Kíktu heldur í **Góða hirðinn**, finndu þér fallega gamla mublu og gæddu hana lífi. Útkoman verður persónulegri og oft og tíðum fallegri.



SKEMMTILEG LAUSN FYRIR ÞÁ SEM LANGA Í ARINN ELD EN Hafa HVORKI PLÁSS NÉ AÐSTÖÐU FYRIR SLÍKAN.



RYÐGUÐ OG GÓMUL HILLUSAMSETNING Á HJÓLUM SEM ER BÚIÐ AÐ BERA Á OG SPREYJA - SKEMMTILEG LAUSN Í STOFUNA.



GAMALL OG LÚINN SKENKUR VERÐUR VIRKILEGA FLOTTUR EFTIR AÐ BÚIÐ ER AÐ PÚSSA HANN UPP OG MÁLA MEÐ FALLEGUM LITUM.

**ASAD**  
THE ACADEMY OF THE SCIENCE OF ACTING AND DIRECTING LONDON  
Auditions in Reykjavik  
16 Júní 2012  
Apply now!  
Limited places available

www.scienceofacting.com  
+44 (0) 20 72720027  
Finances available through LÍN

**HEITT**

**LITRÍKAR VARIR**  
Nú þegar veðurbliðan er komin til að vera er tilvalið að skella á sig litríkum og skemmtilegum varalitum. Bleikir, rauðir, appelsínugulir og allt þar á milli er hotstöff og einstaklega sumarlegt.

**BERT Á MILLI**  
Magabolirnir komu heitir inn síðasta sumar og sáust djarfar stúlkur spóka sig um í þeim. Nú í ár verða þeir enn vinsælli og áberandi. Flott, hott og sumarlegt trend sem stíllinn mælir eindregið með.

**FLATBOTNA SKÓR**  
Flottir rokkaðir afskór hafa komið sterkir inn í vor og verða mjög áberandi í sumar. Rokkað og sumarlegt lúkk sem kemur einstaklega vel út.

**stíllinn** ... með puttann á púlsinum

**KALT**

**LÁGAR GALLABUXUR**  
Krakkar kommon. Það á ekki að þurfa að nefna þetta einu sinni. Þetta er bara ekki málið, svo einfalt er það!

**KÁLFSÍÐAR LEGGINGS**  
Það er ekkert jafn slæmt og þegar stelpur klæða sig í kálfsíðar leggings. Ég tala nú ekki um ef þær eru í lágum stígvélum við. Þetta er bannað. Bannað, segi ég.

**SUBBULEGUR SMÓKÍ FARÐI**  
Það er aldrei fallegt að vera subbulega farðaður. Nú er sumarið komið og þá er dökki augnfarðinn óþarfur. Vertu náttúrulega förðuð um augun, það er mun fallegra.



# Blanda saman fínu og grófu

Eins og mörgum er kunnugt opnuðu vinkonurnar **Oddný Jóna Bárðardóttir** og **Kristín Ásta Matthíasdóttir** nýja búð á Laugaveginum í vor sem nefnist **Dótturfélagið**. Stíllinn kíksti við og fékk þær til að sýna okkur það heitasta sem þær bjóða upp á í sumartískunni ásamt því að taka stutt spjall við þær.

## Hvað varð til þess að þið ákváðuð að opna búðina Dótturfélagið?

Við erum búnar að þekkja mjög lengi og höfum alltaf talað um þetta, meira svona í gríni þegar við vorum yngri en svo ákváðum við að láta verða af þessu.

## Hvernig hafa viðtökurnar verið?

Rosalega góðar. Það er nóg að gera og við erum virkilega ánægðar.

## Hvaða áherslur hafið þið þegar þið kaupði inn í búðina?

Við reynum að kaupa fót sem hægt er að nota við öll tækifæri. Til dæmis kjóla sem bæði er hægt að nota spari og hversdags.

## Hvað er heitasta trendið þessa dagana?

Það er mikið um að blanda saman fínu og grófu. Til dæmis finir kjólar við biker-skó og rokkaðan leðurjakka eða krúttlegt pils við grófa skó og hermannajakka.

## FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



# Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

### Sundbolir



Dömustærðir  
Verð: 7.990 - 12.990 kr.  
Outlet-verð:  
**frá 4.990 kr.**



Stelpustærðir:  
Verð: 6.990 kr.  
Outlet-verð:  
**3.990 kr.**

### Bikini



Dömustærðir  
Verð: 7.990 kr.  
Outlet-verð:  
**frá 1.990 kr.**



Stelpustærðir:  
Verð: 5.990 kr.  
Outlet-verð:  
**3.990 kr.**



### Sundskýlur



Herrastærðir:  
Verð: 5.990 kr.  
Outlet-verð:  
**3.990 kr.**



Strákastærðir:  
Verð: 4.990 kr.  
Outlet-verð:  
**2.990 kr.**

### Watershorts



Herrastærðir:  
Verð: 6.990 - 9.990 kr.  
Outlet-verð:  
**3.990 kr.**



Strákastærðir:  
Verð: 4.990 kr.  
Outlet-verð:  
**2.990 kr.**

# SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 | 113 Reykjavík

Opið:

Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17



## Stjörnustríð

### Elizabeth Banks vs. Jada Pinkett Smith

Leiknonan velur svartar sokkabuxur og svarta skó við Versace-kjólinn sinn sem gerir heildarlúkkið heldur einsleitt. Jade velur hinsvegar mintu-græna litinn sem kemur mjög vel út og leyfir leggjnum að njóta sín.

### Gwyneth Paltrow vs. Shalom Harlow

Þær skvísur eru báðar glæsilegar í þessum fallega Stellu McCartney-kjól. Leiknonan valdi stílhreina lúkkið en fyrirsætan notaði hvítu viðbótina í kjólinn og var með hárið frjálst og krullað sem kom betur út.

### Christina Aguilera vs. Kim Kardashian

Bomburnar tvær klæddust þessum gula þrönga Roland Mouret-kjól á dögnum. Þrátt fyrir að vera sjóðandi heitar báðar tvær þá verður að segjast að það er erfitt að toppa Kim í þröngum flegnum kjól.

### Carmen Electra vs. Emmy Rossum

Skvísurnar er settlegar og finar í þessum fallega Ted Baker-kjól. Þær taka hárið aftur og eru með látlösa skartgripni við kjólinn sem gerir heildarútlitið enn fagaðra. Þær verða að sætta sig við jafntefli að þessu sinni.

# Lenti í matarslag við Emmsjé Gauta

**Halldór Helgason** er einn efnilegasti snjóbrettakappi heims. Hann sagði **Monitor** frá því hvernig æskudraumurinn rættist, lífinu í Mónakó og söguna á bak við ljósu lokkana.

**É**g hef alveg meiðst illa á liðböndum og rotast nokkrum sinnum, en ég hef aldrei brotið bein. Sjó, níu, þrettán," segir Halldór Helgason, sennilega sveitakaldasti snjóbrettakappi heims. Þessi tuttugu og eins árs Norðlendingur fluttist til Svíþjóðar að loknum grunnskóla til að elta drauminn um að gerast atvinnumaður á snjóbretti, sem segja að má að hafi ræst og rúmlega það. Fyrir á þessu ári lenti hann í öðru sæti á kjöri sem ESPN stóð fyrir á brettamanni ársins og þá var honum boðið að taka þátt á heimsmeistaramótinu sem fram fór í Ósló, þar sem hann varð fyrir því óláni að meiðast en það útilokaði hann frá íþróttinni seinni hluta síðastliðins vetrar.

Á veturna flakkar Halldór um gervallan heiminn til að keppa og taka upp snjóbrettamyndbönd ásamt eldri bróður sínum, Eiríki Helgasyni. Saman halda þeir úti heimasíðunni [helgasons.com](http://helgasons.com), sem nýtur mikilla vinsælda innan snjóbrettaheimsins, en til gamans má benda á að ríflega 20 þúsund manns hafa lýst yfir stuðningi við þá á Facebook-síðu þeirra bræðra. Monitor greip þennan afslappaða snjóbrettakappa í sumarfríi héraðs, sem hann ver svo sannarlega ekki í að horfa á EM í fótbolta, enda aldrei haft áhuga á boltaíþróttum.

Texti: Einar Lövdahl  
Myndir: Skapti Hallgrímsson

einari@monitor.is  
skapti@mbli.is

**Þessa dagana ert þú staddur á Íslandi, en þú ert með skráð lögheimili í Mónakó. Hvers vegna Mónakó?**

Það er bara virkilega finn staður og svo er miklu einfaldara og ódýrara fyrir mig að ferðast til annarra landa í Evrópu frá Mónakó heldur en Íslandi. Á veturna er þetta líka mjög þægilegt, því þá er ég alltaf að ferðast út um allt til að keppa eða taka upp myndbönd og þá er geðveikt að geta þess á milli komið til Mónakó til að slaka vel á milli ferðalaga á ströndinni.

**Þú hefur verið á miklu flakki síðustu fimm ár, síðan þú fluttist frá Íslandi. Þýrð þú í ferðatösku? Kemur þú oft til Íslands?**

Það mætti alveg segja það. Á veturna er ég endalast að ferðast, þegar ég kem heim til mín í Mónakó nenni ég til dæmis aldrei að taka upp úr töskunum, það tekur því varla. Á undanföllum árum hef ég flakkað milli Þýskalands, Austurríkis, Sviss, Bandaríkjanna, Norðurlandanna, Japans og Ástralíu. Við tökum reyndar mest upp á Norðurlöndunum og erum þess vegna mest þar. Við byrjum oftast veturna í nóvember á Akureyri og tökum upp héraðs og náum því til dæmis jóluþingum hérna heima áður en við ferðumst um Evrópu og svo framvegis. Annars gefst mér sjaldan mikill tími til að koma heim.

**Mér skilst að þú hafir byrjað á snjóbretti níu ára gamall, árið 2000, og þar áður hafir þú verið á hjólabretti. Hvað er málið með þig og brettaíþróttir? Hvernig byrjaði þetta?**

Það sem ég fíla svo vel við brettaíþróttir er frelsið. Það er enginn þjálfari sem stjórnar því hvað maður gerir og maður þarf ekki að vera mættur á neinn ákveðinn stað á ákveðnum tíma. Það er ekkert rétt eða rangt, þetta er frjálfsasta íþrótt sem hægt er að vera í. Maður er bara að gera þetta fyrir sjálfan sig og gerir því bara eins mikið og maður vill gera.

Ég byrjaði í raun bara á bretti út af eldri bróður mínum, Eiríki. Hann byrjaði á undan mér bæði á hjóla- og snjóbretti og ég fylgdi honum bara. Þegar ég var lítill var

ég mjög mikið í því að herma eftir honum. Við ólumst upp í sveit rétt fyrir utan Akureyri, Hörgárbyggð, og vorum í hundrað manna sveitarskóla í Þelamörk. Það var svo sem lítil hjóla- og snjóbrettamenning í skólanum, við byrjuðum bara einhvern veginn sjálfir og svo fórum við bara inn á Akureyri til að vera á bretti og þar kynntumst við öðrum strákum í svipuðum þælingum.

**Hvenær varð þér ljóst að snjóbrettamenning væri það sem þú vildir leggja fyrir þig?**

Ég fáttaði mjög fljótlega eftir að ég byrjaði að þetta væri eitthvað sem ég væri til í að geta lifað á en það var samt alls ekki þannig að ég byggist endilega við að ég gæti það. Ég hugsaði alltaf fyrst og fremst um að skemmta mér eins vel og ég gat í þessu, það hefur verið markmiðið frá byrjun. Síðan gekk það upp og þá er þetta bara eins og draumurinn hafi ræst.

**Til að elta þennan draum fluttist þú út til Svíþjóðar beint eftir grunnskóla, ekki satt?**

Jú, ég fór út í snjóbrettamenntaskóla sem heitir Freeride Gymnasium og er í Malung, litlum bæ í Svíþjóð. Það var algjör snilld. Þetta var þannig að maður var í „venjulegum skóla“ þrjá daga skólavikunnar, svo fékk maður hina tvo daga vikunnar til að vera á snjóbretti og gat auðvitað verið í fjallinu um helgar líka.

Eiríkur, bróðir minn, Gulli Guðmunds og Viktor Hjartarson, sem eru líka snjóbrettamenn, fóru allir í þennan skóla á undan mér. Ég elti þá sem sagt og af því að þeir eru allir eldri en ég náði ég bara einu ári með þeim í skólanum. Þá voru þeir samt búnir að ryðja brautina dálítið og koma góðu orðsþori á Íslendinga innan snjóbrettasennunnar þar þannig að það var mun auðveldara fyrir mig að komast inn í þetta allt á eftir þeim. Ég á sem sagt þeim mikið að þakka hvernig þetta hefur allt gengið hjá mér.

**Hvernig rættist síðan draumurinn um atvinnumennskuna? Hvernig fórst þú úr því að vera bara strákur sem hefur brennandi áhuga á snjóbrettum yfir í það að verða atvinnumaður?**

Þetta gerðist bara skref fyrir skref en það eru eiginlega tvær leiðir til að verða atvinnumaður. Annars vegar er hægt að vera duglegur við að keppa á mótum og ef það gengur vel vinnur maður sig smám saman upp í að verða atvinnumaður. Hins vegar er hægt að vera á fullu í því að taka upp snjóbrettamyndbönd og vekja athygli á sér með þeim. Ef þú ert með mikið af góðu myndefni þá fá til dæmis snjóbrettafyrirtæki áhuga á þér og á endanum verður þú atvinnumaður. Fyrst fær maður kannski einhvern lítinn „sponsor“ (styrktarsamning) frá litlu fyrirtæki sem er tilbúið að gefa þér eitthvert snjóbrettadót frítt og svo leiðir eitt af öðru.

Við byrjuðum til dæmis bara að taka upp snjóbrettamyndir heima á Íslandi og þá fór fólk aðeins að taka eftir því. Síðan þegar Eiríkur og þeir fóru til Svíþjóðar komust þeir að hjá Factor Films sem er norskt kvikmyndafyrirtæki og þá byrjaði boltinn að rúlla og þannig komu þeir sér fyrst á framfæri innan Skandinavíu, svo breiddist þetta út um stærri hluta Evrópu og svo framvegis. Ég fékk síðan að koma strax inn í þetta hjá þeim þegar ég kom til Svíþjóðar, sem var auðvitað algjör snilld fyrir mig.

Núna erum við einmitt að vinna að okkar eigin snjóbrettamynd. Áður vorum við báðir að vinna með stærsta snjóbrettamyndafyrirtæki heims sem heitir Standard Films. Okkur finnst samt skemmtilegra að gera okkar eigin myndir.

**... það er allt í góðu hvort sem ég lenti í fyrsta sæti eða síðasta. Ég hugsa alltaf bara um skemmta mér, ég set ekki þessa rosalega pressu á mig eins og sumir. Ég hef aldrei verið sú týpa.**

**Hvenær byrjaðir þú að keppa á þessum stóru mótum?**

Það byrjaði eiginlega þegar ég fékk fyrsta samninginn minn hjá fyrirtækinu DC fyrir um fimm árum. Þá komu þeir mér að á nokkrum stórum mótum, til dæmis á Dew Tour, og það gekk vel. Á fyrsta stóra mótinu sem ég keppti náði ég fimmta sæti og þannig tryggði ég mig inn á X Games, sem er stærsti snjóbrettaviðburður heims.

**Þú kepptir á X Games og endaðir á að vinna „Big Airgreininu“ þar. Er það hápunkturinn hingað til?**

Þessi sigur á X Games hjálpaði mér auðvitað mjög mikið því eftir það hef ég í raun getað keppt í hvaða snjóbrettakeppni sem er. Fyrir mitt leyti hefur samt hápunkturinn hingað til verið þegar ég byrjaði að mynda með Standard Films. Ég var búinn að horfa á myndirnar þeirra síðan ég byrjaði á snjóbretti þannig að það var ótrúleg viðurkenningin fyrir mig að fá að komast að hjá þeim.

**Hvort höfðar betur til þín að keppa eða að taka upp öll þessi snjóbrettamyndbönd?**

Mér finnst skemmtilegast að taka upp myndbönd af því að þá getur maður einmitt gert nákvæmlega það sem maður vill. Ef þú færð hugmynd að nýju trikki þá getur þú farið og myndað það með vini þínum bara hvenær sem þú vilt. Í keppnum þarft þú hins vegar að vera mættur á einhverjum ákveðnum tíma og fara eftir ákveðnum reglum og svoleiðis.

Mér finnst samt hvort tveggja skemmtilegt, ég reyni alltaf að keppa á fjórum stórum keppnum á ári og nota rest vetrar í upptökur. Ég hef samt aldrei verið mikill keppnismaður. Ég fer bara í keppnir til að gera mitt besta og það er allt í góðu hvort sem ég lenti í fyrsta sæti eða síðasta. Ég hugsa alltaf bara um skemmta mér, ég set ekki þessa rosalega pressu á mig eins og sumir. Ég hef aldrei verið sú týpa.

## HALLDÓR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 100191.

**Uppáhaldsmatur:** Pítsur á Íslandi eru bestu pítsur í heiminum.



**Uppáhaldsstaður í heiminum:** Akureyri.



**Uppáhalds-snjóbrettasvæði:** Northstar í Tahoe, Bandaríkjunum.

**Æskuátrúnaðargöb:** Eldri bróðir minn, Eiríkur Helgason.

**1991**  
Fæðist þann 10. janúar.

Elst upp í Hörgárbyggð á Norðurlandi og gengur í sveitaskóla í Þelamörk.

**2000** Byrjar að safna síðu hári. Sama ár hermir hann eftir eldri bróður sínum, Eiríki, með því að byrja á snjóbretti.



**2007** Útskrifast úr grunnskóla og fer beinustu leið til Svíþjóðar í snjóbrettamenntaskólanum Freeride Gymnasium. Aftur fetar hann í fótspor eldri bróður.



**2010** Vinnur keppnisgreininu Big Air á X Games, sem er stærsti snjóbrettaviðburður í heimi.



**2012** Þrýðir forsiðu Monitors 14. júní.



## Síðasta sem ég...

### Síðasti tölvuleikur

**sem ég spilaði:** Það hefur ábyggilega verið Skate 3 sem er hjólabrettaleikur sem ég spila virkilega mikið.



### Síðasti veitingastaður

**sem ég borðaði á:** Greifinn á Akureyri, þar fékk ég mér síðast pítu með kjúklingi, rækjum og rjómaosti.



### Síðasta bíómynd sem ég

**horfði á:** Get the Gringo með Mel Gibson. Hún var alveg fín.



### Síðasta húsvörk sem ég

**inntí af hendi:** Það var að taka til eftir partí sem ég hélt hérna heima um helgina.



**Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það er bara stutt síðan að ég sagði það við kærustuna.



### **Þú talar mikið um frelsið í snjóþremmanskunni. Ert þú þá ekki með neinn þjálfara?**

Nei, mér hefur alltaf fundist mikilvægt að stjórna mér sjálfur í sambandi við snjóþremmið svo ég hef aldrei viljað vera með þjálfara. Jafnvel þótt maður sé kominn með einhverja stóra samninga við styrktaraðila og svoleiðis þá hef ég alltaf viljað halda þessu bara í sama fari og þegar ég byrjaði. Þannig komst ég þangað þar sem ég er í dag og af hverju ætti ég að breyta því núna?

Ég vil ekki að þetta verði of alvarlegt. Það er orðið mjög algengt að þeir sem eru að keppa á mótum séu með þjálfara og þá fara þeir keppendur alltaf milli stökka til að ræða við þjálfara sína á mjög alvarlegum notum. Til að gera grín að þeirri stemningu tók ég einu sinni sænskan vin minn með mér á mót þar sem hann var klæddur eins og einhver Matrix-týpa í jakka sem á stóð „Coach Thunder“ (hlær). Hann var sem sagt þarna að hanga í kringum mig með vindil og viskípela, bara að fíflast. Þetta var bara til að létta andrúmsloftið því mig langar alls ekki að þetta verði of alvarlegt dæmi.

### **Í upphafi árs varst þú í öðru sæti í kjöri á brettamanni ársins hjá ESPN. Þar sem kjörið fór fram á netinu tóku Íslendingar sig saman og hrúguðu atkvæðum á sinn mann. Fannst þú fyrir stuðningnum að heiman?**

Já, ekkert smá-mikið. Mér fannst það ótrúlega gaman að sjá hversu margir Íslendingar voru til í að hjálpa mér. Mér fannst reyndar allt við að ég skyldi vera svona ofarlega fáránlega óraunverulegt. Maður kemur frá Íslandi þar sem það búa 300.000 manns á meðan hinir sem voru ofarlega voru allir frá Bandaríkjunum, þannig að það ætti að vera aðeins auðveldara fyrir þá að fá stuðning í svona kosningu. Ég bjóst ekki við því að það væri nokkur séns fyrir mig að komast eitthvað áfram í þessari kosningu svo þetta var algjör snilld.

### **Nú eru kannski ekki allir lesendur kunnugir því hvernig snjóþremmatvinnuþremmanskun gengur fyrir sig. Gætir þú lýst fyrir mér í grófum dráttum í hvernig keppnum þú keppir, hversu mikið þú æfir, fyrir hvað þú færð borgað og svo framvegis?**

Þetta virkar í raun bara þannig að á veturna þarf ég að ferðast um til að elta snjóinn og taka upp myndbönd og líka ljósmyndir fyrir snjóþremmablöð. Á einum vetri er markmiðið að ná að taka upp nógu mikið af góðu efni til að fylla upp í einn part í mynd, sem er kannski þrjár til fjórar mínútur. Það getur auðvitað tekið mjög langan tíma því hvert atriði er bara nokkrar sekúndur og svo getur það tekið virkilega langan tíma og margar tilraunir að ná hverju trikki. Inn á milli er ég síðan að keppa á mótum en það eru reyndar ekki margir sem bæði keppa og taka upp svona myndir, flestir eru bara í öðru hvoru.

Ég fæ laun borguð mánaðarlega, bara eins og fyrir hverja aðra vinnu. Þau eru greidd af styrktaraðilunum og svo fæ ég líka borgað fyrir myndböndin og ljósmyndirnar auk þess sem ég fæ sérstaka styrki fyrir ferðalögin, sem fara upp í ferðakostnað og upphald. Hvað varðar æfingar hugsa ég aldrei um þetta þannig að ég sé að æfa mig, ég fer bara að leika mér á snjóþremmi og það fer ekki eftir neinni rúttinu.

Það er samt alls ekki þannig að þetta sé alltaf auðvelt og gaman. Það getur tekið á að ferðast svona mikið, það getur verið skítkalt og erfitt að þurfa að moka endalaust af snjó og að bera eitthvert dót upp í fjall. Þetta er líka mikil þolinmæðisvinna því fimm sekúndna bútur í myndbandi getur tekið fimm klukkutíma í upptökum. Eftir svona upptökutörn, þar sem maður er heilan dag í fjallinu dettandi á fullu, mætir maður alltaf heim á kvöldin alveg ónýtur í líkamanum.

### **Þið bróðir þinn rekið nokkur snjóþremmatvörumerki og fenguð meðal annars viðurkenningu fyrir reksturinn nýlega sem kölluð var „Donald Trump Award“, frá tímaritinu Method. Hvernig byrjaði það og að hvaða leyti komið þið að rekstrinum?**

Við byrjuðum á að framleiða okkar eigin snjóþremmi, Lobster Snowboards. Það byrjaði

## **Ég fór að skemmta mér með strákunum og á meðal þeirra var Emmsjé Gauti. Í góðu gríni ákvað að ég að hella heilli mjólkurfarnu yfir hann en hann tók því ekki alveg þannig og svaraði fyrir sig með því að taka einhvern kjúklingarétt og dúndra honum öllum yfir mig.**

þegar ég hætti hjá fyrirtækinu DC til að byrja hjá Rome Snowboards, sem er fyrirtækið sem Eiríkur var hjá, svo við gætum unnið meira saman. Svo þegar ég var hættur hjá DC þá sögðu Rome mér allt í einu að þeir hefðu ekki tók á að fá mig til sín. Þá fengum við bara þá hugmynd að stofna okkar eigið fyrirtæki. Okkur hafði reyndar verið boðið áður að taka þátt í sviðuðu verkefni, en þarna ákváðum við bara að kyla á þetta á svona viku.

Til viðbótar við Lobster erum við með Hoppípolla-húfurnar, sem við rekum með norska vini okkar Petter Foshaug, og beltafyrirtæki sem heitir 7-9-13, sem við vinnum með umboðsmanninum okkar og Johannes vini okkar, sem sér líka um blogg síðuna okkar. Þar að auki vorum við að byrja með Switch-bindingar, sem er ný gerð af bindingum sem eru mjög sniðugar. Allt þetta dót gengur miklu betur en við hefðum nokkurn tímann þorað að vonast eftir.

Við eigum sem sagt hlut í öllum fyrirtækjunum og komum að allri hönnuninni og svo eru allar framkvæmdir fyrirtækjanna bornar undir okkur. Það

er fáránlega gaman að vera hluti af svona fyrirtæki, því allt sem maður gerir fyrir það skilar sér aftur til manns, í staðinn fyrir að vera bara að vinna fyrir einhverja gaura sem maður þekkir ekki neitt og þeir græða helling af pening á þér.

### **Þú átt íslenska kærustu. Sumir stuðningsmenn þinna voru ekkert allt of sáttir þegar þú tilkynntir um samband ykkar á Facebook, var það?**

Við fengum eitthvert hatursbréf sent, en ég held að það hafi verið meira grín en alvara (hlær). Það voru samt ekki allir beint sáttir, til dæmis ekki umboðsmaðurinn minn. Hann segir að það sé svo algengt að kærustur eyðileggi ferilinn hjá snjóþremmönnum. Ég get þó ekki sagt að ég finni neitt fyrir því, sem betur fer.

### **Hefur þú alltaf verið með þessa ljósu lokka?**

Já, ég byrjaði að safna hári þegar ég var svona níu ára og hef verið með sitt háir síðan. Þegar ég var í 6. bekk náði hárið mitt niður fyrir geirvörtur og þá leit ég út eins og stelpa. Á þeim tíma lenti ég líka án gríns alltaf í því að fólk héldi að ég væri stelpa (hlær). Ég var alveg orðinn mjög þreyttur á því, en aldrei svo þreyttur að ég væri tilbúinn að fara í klippingu. Ég gæti ekki ímyndað mér að verða stutthærður núna, ég held að það myndi engan veginn að passa. Ég er alltaf með húfu og mér finnst að hárið verði að koma aðeins niður fyrir hana.

### **Í apríl síðastliðnum gafst þú þér tíma til að mæta á AK Extreme á Akureyri þar sem þú varst þó bara áhorfandi. Hvernig finnst þér sá viðburður?**

Hann er algjör snilld, hann er einn af mínum uppáhaldsviðburðum á hverju ári. Það er svo ótrúlegur „old school“-filingur í þessari keppni, bara eins og maður færi aftur í tímann. Það er allt mun skitugara og hrárra, sem ég fíla, heldur en í einhverjum keppnum úti þar sem allt þarf að vera tipp topp. Það var auðvitað ömurlegt að þurfa að horfa bara á vegna meiðslanna en það var betra en að sleppa þessu alveg.

### **AK Extreme er ekki bara snjóþremmatvöðun en þú skelltir þér meðal annars út á lífið með Emmsjé Gauta á aðalkvöldinu, ekki satt?**

Það er alltaf gott djamm á AK Extreme og það klikkaði ekki síðast. Ég fór að skemmta mér með strákunum og á meðal þeirra var Gauti. Í góðu gríni helli ég heilli mjólkurfarnu yfir hann en hann tók því ekki alveg þannig og svaraði fyrir sig með því að taka einhvern kjúklingarétt og dúndra honum öllum yfir mig. Við vorum sem sagt þarna, annar allur í mjólk og hinn allur í kjúklingi en það var náttúrlega bara snilld (hlær). Það er samt allt gott á milli okkar Gauta, við erum finir félagar. Við erum bara frekar slæmir saman á fyndinn hátt og erum alltaf að ögra hvor öðrum upp í eitthvað heimskulegt.

### **Eins og áður sagði hefur þú búið úti undanfarin ár og munt líklega gera það áfram. Sérð þú fram á að búa alltaf erlendis eða heldur þú að þú eigir eftir að snúa heim í sveitina fyrir norðan einn daginn?**

Ég sé ekki fyrir mér að ég flytji heim til Íslands í náinni framtíð en mér finnst samt alltaf þægilegast að vera hérna heima – og Ísland verður alltaf „heima“ fyrir mér. Ég sakna Íslands alveg inn á milli, fjölskyldan og æskuvinirnir eru allir hér en ég kann að meta það að vera alltaf að ferðast, sjá nýja staði, kynnast fólki og lenda í skemmtilegum hlutum. Það hentar mér best þessa stundina þótt það geti tekið á.

### **Hvað sérð þú gerast hjá þér í snjóþremmatvöðun á næstu árum? Hver eru markmiðin?**

Ég er í rauninni ekki með nein markmið önnur en þau að gera það sem ég hef gert áður, reyna alltaf mitt besta og hafa gaman. Mig langar líka að halda áfram að vinna sem mest með fyrirtækin okkar Eika og ég vona að það gangi sem best. Ég mun halda áfram að keppa á X Games og svo gæti verið að ég reyni að taka þátt á næstu Vetrarólympíuleikum en það á eftir að koma í ljós.



# KFC® **Krusher's**™

Ískaldur og svalandi peytingur

Nýtt

21  
FYRIR  
ALLA VIRKA  
DAGA KL. 14-17

ÞYKKUR,  
SVALUR OG  
SJÚKLEGA  
GÓÐUR!

STÓR  
499

LÍTILL  
349

VÆNTANLEGT

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRDUM  
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ

WWW.KFC.IS

David Hasselhoff fer með aðalhlutverk í myndinni **Baywatch: Hawaiian Wedding** (2003) sem er með **3,7** í einkunn á [imdb.com](http://imdb.com).

## VILTU VINNA LG optimus 4X HD



SMS LEIKUR  
9. hver  
vinnur

### SENDU SMS-ÍÐ EST LGV Á NÚMERIÐ 1900


ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR EST A. B EDA C Á NÚMERIÐ 1900.

ADALVINNINGURINN ER LG OPTIMUS 4X HD  
- ÖFLUGASTI SÍMINN Á MARKAÐINUM Í DAG!

FULLT AF AUKAVINNINGUM : DVD - TÖLVULEIKIR - GÖS OG MARGT FLEIRA



\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 15. júní 2012.  
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-íð.  
Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 15. júní 2012



ALLIR ERU ÓHULTIR ÞEGAR  
HOFFARINN ER Á HÖFFVAKTINI

## FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

### Piranha 3DD

Piranha 3DD er sjálfstætt framhald myndarinnar Piranha 3D og er skemmtileg blanda af gríni, spennu og vel tenntum fiskum. Eins og þeir muna sem sáu fyrri myndina þá olli jarðskjálfti því að stórar glufur mynduðust í botni Viktoríuvatns með þeim afleiðingum að hinir forsögulegu piranha-fiskar tóku að streyma upp í vatnið. Þeir átu allt sem hreyfðist og því miður fyrir suma strandgestina þá lentu þeir á matseðlinum. En ef einhver hélt að vandinn hefði

**Leikstjóri:**

John Gulager.

**Aðalhlutverk:** Danielle Panabaker, Ving Rhames og David Hasselhoff.

**Lengd:** 83 mínútur.

**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.

**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.

verið leystur þá kemur annað í ljós þegar fiskakvikindunum tekst einhvern veginn að komast inn í vinsælan vatnsskemmtigarð þar sem hundruð manns eru saman komnir til að gera sér glaðan dag. Enn á ný kemur til kasta lögreglustjórans Fallons að finna leið til að hemja þennan ófögnuð áður en hann étur alla gestina og skemmir ekki bara fjölskyldustemninguna heldur setur allt efnahagslíf strandbæjarins á hliðina.



### KVIKMYND



### Stendur ekki undir væntingum

Ridley Scott er goðsögn í bransanum. Alien, Blade Runner og Gladiator eru engar smá myndir og fór ég því með töluverðar væntingar þegar ég skellti mér á Prometheus. Sagan er nokkuð djúp. Árið er 2093 og áhöfn geimskipsins Prometheus er að eltast við enga smá spurningu. Hver er tilgangur lífsins og hver skapaði okkur? En að sjálfsgöngu eru ekki allir í áhöfninni að róa í sömu átt og fer pólitíkin fljótt að láta kræla á sér. Eins og flestir vita spilar Ísland stórt hlutverk í myndinni og er virkilega gaman að sjá hvað íslenska landslagið hjálpar andrúmslofti myndarinnar mikið. Er það mjög drungalegt og kynþokkafullt. Eftir góða byrjun gefur myndin hins vegar töluvert eftir og verður söguþráðurinn frekar fyrirsjá-



anlegur og kraftlaus. Mér fannst vanta allt þúður í söguna því í þessu tilfelli er verið að tala um rándýra Ridley Scott mynd. Þá vill maður fá eitthvað fyrir sinn snúð og vel það.

**Fassbender í fararbroddi**

Allt leikaraval er gott en þeir Idris Elba og Michael Fassbender standa þó upp úr að mínu mati. Þeir eru frábærir leikarar og þá sérstaklega Fassbender sem verður bara betri og betri. Noomi Rapace er einnig virkilega góð og einnig gamla OC stjarnan Logan Marshall-Green en lítið hefur borið á honum síðustu ár. Loks er Guy Pearce góður og vonandi fer maður að sjá hann í fleiri myndum. Algjör fagmaður sem stendur alltaf fyrir sínu. Þó svo að ég hafi verið ósáttur með margt var hins vegar fullt af finum hlutum. Myndin er alls ekki leiðinleg og heldur hún manni allan tímann. Öll tæknivinnsla er mjög góð og er lokabardaginn ótrúlega vel gerður. Prometheus er hins vegar gott dæmi um mynd sem hefur í raun allt en það sem hana vantar er vel skrifað handrit. Þar liggur hundurinn grafinn.



TÓMAS  
LEIFSSON

PROMETHEUS



**Krem og úðar fyrir piercing og tattoo**



**Saltsprey, sápa, sótthreinsikrem og tattoo græðandi krem**

**Hágæða piercing skart**



**WILDCAT**

**HOKUS POKUS**

Hattar  
Búningar  
Fylgihlutir  
Helium blöðrur

**Skoðið úrvalið á:**  
[www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is)

Eða komið í verslun okkar að  
Laugavegi 69 - Sími 551-7955


**SVARTHÖFÐI.IS** ...horfir til framtíðar

# Tom Cruise er Jack Reacher

**H**örðustu aðdáendur fyrrverandi herlögglummannsins Jack Reacher, sem hefur limlest og drepið illmennt í einum fimmtán spennusögum eftir Lee Child, eru margir hverjir enn í áfallahjálp vegna þess að Tom Cruise tókst að eigna sér hlutverk Reachers í fyrstu bíómyndinni sem gerð er eftir bók um þennan stálnagla.

**M**yndin, sem ráðgert er að frumsýna þann 28. desember, er gerð eftir níundu bók Childs um Reacher, One Shot, og hingað til hefur verið unnið út frá því að bíómyndin myndi bera sama nafn og bókina. Vitringarnir hjá Paramount hafa hins vegar ákveðið að myndin muni einfaldlega heita Jack Reacher þegar hún kemur fyrir sjónir almennings.

**K**vikmyndaverið hefur ekki gefið upp neina ástæðu fyrir nafnabreytingunni en ætla má að tilgangurinn sé einfaldlega að tengja myndina enn betur við hið gríðarlega vinsæla hugarústur Child, Reacher sjálfan. Og líklega er ekki vanþörf á þar sem Cruise er eins ólíkur Reacher og hugsast getur og Að verður þrautin þyngr fyrir aðdáendur bóka Childs að meðtaka stubbinn Cruise í hlutverki Reachers sem er yfir tveir metrar á hæð með vöðva-byggingu sem minnr á tólf hjóla truck.



**J**ack Reacher hefur verið lýst sem svo að hann sé Clint Eastwood, Mel Gibson og Bruce Willis sameinaðir í einum manni og væri Eastwood um 40 árum yngri hefði hann sjálfsagt verið upplagður í hlutverkið eftir að hafa farið á vænan sterakúr og verið keyrður áfram í ræktinni í hálf tveim árum. Þá á Reacher ýmislegt sameiginlegt með James Bond í bókum Ians Fleming. Hann er þrautþjálfaður í hvers kyns barsmíðum og meðferð vopna og sefur hjá í það minnsta einni nýrri konu í hverri bók. Reacher er hins vegar stálheidarlegur, réttsýnn og ósveigjanlegur í afstöðu sinni til lífsins og er því náskyldastur einkaspæjaranum Philip Marlowe sem studdi minnimáttar í gegnum rökkvaða refilistigu undirheima Los Angeles upp úr 1940.

**R**eacher þvælist stefnulaust um Bandaríkin þver og endilöng. Án farangurs með ekkert í vösunum nema tannbursta og útrunnið vegabréf. Þessi fullkomni einfari er með öllu rótlaus og getur hvergi staldrað lengi við í senn en hefur einstakt lag á að róta sér í illdeilur við glæpahyski, hryðjuverkamenn og skítapakki hvers konar á hverjum áfangastað.

**Í**One Shot kemur Reacher í leyniskyttu sem hefur verið

handtekinn, grunaður um fimm morð, til hjálpar. Vandinn er sá að Reacher hefur engan áhuga á því að rétta byssumanninum hjálparhönd í fyrstu þar sem hann greip hann glóðvolgan fyrir morð á herlöggluárum sínum. Skyttan krefst þess hins vegar að fá að tala við Reacher og á daginn kemur að ekki er allt sem sýnist að þessu sinni og fyrr en varir er Reacher kominn á bólakaf í samsæri grjótharðra skrattakolla sem svífast einskis.

**C**hristopher McQuarrie (The Usual Suspects, The Way of the Gun) sér um aðlögun sögunnar og leikstjórn myndinni en auk Cruise eru Rosamund Pike, Robert Duvall, Richard Jenkins, David Oyelowo og leikstjórninn Werner Herzog í helstu hlutverkum.

[www.svarthofdi.is](http://www.svarthofdi.is)

# Fljótur að fá'ða..

Það er sama hvað maður biður um eða setur í gang í nýjasta símanum frá LG, Optimus 4X HD, maður er fljótur að fá'ða. Þessi eldsnöggi sími er keyrður áfram af NVIDIA Tegra 3 örgjörvanum sem tryggir gríðarlegan hraða bæði hvað varðar vinnslu og graffík. Þetta skilar sér sérstaklega vel þegar maður er að fara á milli forrita, stækka og minnka myndir og myndskleið og einnig þegar síminn keyrir upp tölvuleiki. En örgjörvinn er allt að tvisvar sinnum hraðari en Dual Core örgjörvarnir í allri vinnslu og munar þar mikið um. Síminn er með svo fimmta kjarnann til að bæta rafhlöðuendingu og er hann með 2150 mAh rafhlöðu sem er endingargóð, en LG hefur unnið hörðum höndum að því að lengja endingu rafhláðanna og á sama tíma minnka þær í ummáli.

Hraði örgjörvans býður uppá allskyns æfingar og meðal annars er hægt að tengjast sjónvörpum þráðlaust og keyra þar upp leiki sem vistaðir eru á símanum. Ekki nóg með það því ef síminn er tengdur við þrívíddarsjónvarp er hægt að spila á því þrívíddarleiki úr símanum og meira að segja setja venjulega 2D leiki í þrívídd, þannig að þeir sem hafa haft blauta drauma um að spila Angry Birds í þrívídd geta nú látið það rætast.

Skjár símans hefur einnig verið tekinn í gegn frá fyrri útgáfum, en LG Optimus 4X HD skartar 4,7" skjá sem notar True HD IPS tækni sem tryggir óviðjafnanleg gæði bæði hvað varðar liti og skýrleika. En þó að skjárin sé stór þá er síminn engu að síður meðfærilegur og passar vel í vasann. Optimus 4X HD síminn keyrir á Android 4.0 Ice Cream Sandwich og er hann með tvær myndavélar, sú stærri er 8 megapíxla og sú sem er framan á símanum er 1.3 megapíxla. Ofan á þetta leggst að síminn er með 16GB í innra minni sem notendur geta svo stækkað ef þörf á þykir.

En þessi nýi LG sími er ekki bara fallegur og fullkominn að innan, því mikið hefur verið lagt í að hanna útlit símans, en hann er hannaður nánast eins og skartgripur enda lúkkar hann vel og endurspeglar útlitið klárlega þann kraft sem er undir húddinu.

LG Optimus 4X HD er sími fyrir þá sem krefjast hámarks gæða hvað varðar hraða, skjá, virkni og útlit. En það sem vegur kannski þyngst er verð símans, en allur þessi pakki mun verða undir 100 þúsund þegar hann lendir hér á landi í næstu viku og mun hann fást bæði í svörtu og hvítu.



# Offererta

TAKE AWAY TILBOÐ

## Eld

Smidjan

562 3838

**1** 16" PIZZA með tveimur áleggjum 1895.-

**2** 16" PIZZA & 12" MARGARITA / HVÍTLAUKSBRAUÐ með tveimur áleggjum 2495.-

**3** 16" PIZZA & 16" MARGARITA / HVÍTLAUKSBRAUÐ af matseðli 3495.-

SUDURLANDSBRAUT 12 | LAUGAVEGUR 81 | BRAGAGATA 38a



**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Arnar Grant og Ívar Guðmundsson.

Á forsíðu: 7. apríl 2011.

Fyrirsögn viðtals: Aldrei lyklað Hleðslu-bíl.

Nú rúmu ári eftir að við vorum á forsíðu hefur ótrúlega margt gerst. Á þessum tíma höfum við t.d. farið á fitness- og vörusýningar í Las Vegas og London til þess að sjá hvað er nýjast að gerast í heilsuvörubransanum. Þá höfum við sérhannað fjólvítamínsformúlu fyrir íslenskar aðstæður sem er á leið á markað á næstunni undir nafninu „Allt í einni“. Í okkar samstarfi fer mikill tími í vörubrúun í samvinnu við Vífilfell og Freyju. Annars sé ég minna af Arnari þessa dagana því hann er nánast fluttur á golfvöllinn og ég er byrjaður í utandeildinni í fótbolta og með „old boys“ í KR. Arnar segir að vísu að ég eigi að hætta í þessum fjanðans fótbolta því ég sé alltaf slasaður, sama og kona mín segir. Annars erum við enn að bíða eftir að sjónvarpsstöðvarnar hafi samband og vilji gera fleiri ferðabætti með okkur, kannski hafa þeir bara týnt númerunum okkar. Maður verður að vera léttur eins og Logi Bergmann segir!

Ívar Guðmunds



**LOL-MAIL MONITOR**

Háttvirtur Guðni, Davíð Oddsson skoraði á þig í síðustu viku. Áttu einn góðan?

JRJ

Sæll, hér kemur einn stuttur.

Myndarlegur heldri maður kom í matvöruverslun og fór beint í grænmetisborðið og segir við afgreiðslumanninn: „Hvað, eigið þið ekki kálhaus?“ „Jú, jú,“ segir afgreiðslumaðurinn. „Ég næ í hann á bak við.“ Eftir drykkilanga stund kemur afgreiðslumaðurinn til baka og sér hvergi viðskiptavininn aftur svo hann kallar hátt: „Hvar er maðurinn með kálhausinn?“

Ég skora á Örn Árnason leikara.

Kv. Guðni Ágústsson

**LOKAPRÓFIÐ**

14. júní 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti Haukur Hárdarson.

Ég hef það mikinn áhuga á íþróttum að ég er með dómarapróf í knattspyrnu og mitt helsta afrek í þeim geira er að hafa dæmt

Þú veist hver ég er af því að ég vinn með Þóga Ágústss.  
og Símma í Kastljósinu.

Þegar ég lýsi leikjum á EM í fótbolta þá hugsa ég:  
a) „Djókðu hvað þetta er skemmtileg vinna.“  
b) „Ef ég stend mig vel þá gæti ég orðið næsti Adolf Ingi. Það væri draumi líkast að komast í hóp með honum, Samúel Erni Erlingssyni og Geir Magnússyni.“ ← A EKKI BREA!  
c) „Vá, sem betur fer er ég með upplýsingar um hvað leikmennirnir heita. Ég hef ekki hugmynd um hvaða gæjar þetta eru.“  
d) Djókðu að ég sé á þá þegar ég fer þetta

Á EM held ég með  
a) Spáni  
b) Ítalíu  
c) Þýskalandi  
d) Hollandi Dönum  
en í Pepsi-deild er VI ER ÞÓÐÐÉ VI ER HVÍIÐÉ!



í uppáhaldi.

Ef ég væri ekki ég myndi ég helst vilja vera

a) Haukur Hólm, fréttahaukur  
b) Haukur Morthens, söngvari  
c) Haukur Heiðar Hauksson, söngvari og læknir  
d) Haukur Ingi Guðnason, ástmaður Ragnhildar Steinunnar  
e) af því að ef ég væri blanda af B og D væri ég líklega ódauðleg hetja.

Á skalanum 1-10 gef ég sjálfum mér 2 í pianóleik en þegar ég sé pianó þá spila ég gjarnan of The Scientist  
a) Clocks með Coldplay og Arnísterdam  
b) I'm Yours með Jason Mraz  
c) Don't Stop Believin' með Journey  
d) enda besta hljómsvið heims en ef ég á að syngja opinberlega þá verður lagið Angels með Robbie Williams yfirleitt fyrir valinu. samt hljómsvið míni, The Party Crashers  
Eiginhandararitunin mín lítur svona út:  
Haukur Hárdarson



a) góðgerðarleik á milli Verslunarskólans og Stjórnulíðs.  
b) nokkra leiki í efstu deild kvenna  
c) leikinn þar sem Tobba Marínós, Marta María, Rikka og fleiri öttu kappi gegn FC Ógn  
d) Að fara á afreksbætur fyrir nýja efnilega dómara hjósti á laugum umhli.  
e) fyrirmynd mín í þeim efnum er Roberto Rose Hi  
f) Robertóffari!  
Ef ég væri ekki íþróttafréttamaður væri ég helst til í að vera  
a) atvinnu-djammari (1 ca. ár)  
b) í fedraorlofi eftir nokkur ár!  
c) Richy Clark → my alter-ego  
d) hestamaður  
e) forseti lýðveldisins  
f) Flugslysarannsóknar

vegna þess að ég er flugslysanáærd.

Það sem fáir vita um mig er að ég  
a) er viðbjóðslega lofthæddur, á grím  
b) hef mikið dálæti á íþróttamannvirkjum, þá sérstaklega knattspynuvöllum, á gríns  
c) er mikill áhugamaður um góðar rúðupurrkur, á gríns  
d) myndi drepa fyrir gott sushi nánast hvenær sem er, elska þessa  
e) er númeraperrí vorðan fótbolta menn test me! en það sem fer mest í taugarnar á mér eru lélegar rúðupurrkur og kommentakerfi DV.

Síðasta sms sem ég fékk var frá Kjartani Henry og í því stóð:

OK TPR... getum líka farið á nesið... en Setbergið er klassi!

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Til hamingju með afmæli þínu. Kv. Hauki ☺



**VEL GERT**

Erna Kristín

Fyrir skemmstu stofnaði Erna Kristín Stefánsdóttir, 21 árs, Facebook-síðu undir þeirri yfyrskrift að hún hygðist raka af sér allt hárið ef hún fengi áheiti upp á hálf milljón, sem rynni svo til ABC-barnahjálpar. Í gærmorgun höfðu safnast 590 þús.

kr. og lét því Erna vaða og snóðaði sig. Hárið hygðist hún síðan gefa til hárkollugerðar. Monitor tekur ofan fyrir þessu flotta framtaki. Hægt er að sjá vel klippt Monitor-myndskeið frá klippingunni á mbl.is.



DÓRI DNA

**ÉG HEF ALDREI**

... farið á Argentínu steikhús. Í alvöru, ekki einu sinni komið þangað inn. Ætli ég sé ekki bara meira „Snæland Videó í Mosó“-náungi. **1**

... ekki kosið Ólaf Ragnar Grímsson sem forseta Íslands. Ætla að breyta því núna, enda eru gamlir kallar með kjaft leiðinlegustu týpurarnar. **2**

... gengið á Esjuna, fullbratt fyrir mig. **3**

... jafnað mig á því að Ari Klængur frændi minn hafi týnt öllum körfuboltamyndunum okkar á sínum tíma. Við áttum 178 Jordan-a, fæ ennþá illt í magann þegar ég hugsa um þetta. **4**

... spilað póker, því mér finnst það pakkleggra en að vera í kraftgalla að spila Króka í spilakassa í sjoppu í Rimahverfinu. **5**

... lesið neitt eftir Arnald né Yrsu. **6**

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Agnes Valdimarsdóttir, sjónvarpsskvísa, filar:

**KVIKMYND:** Ég eyddi æskunni í að horfa á Grease og plana brúðkaup okkar Johns Travolta en svona í seinni tíð fíla ég Woody Allen-myndina Midnight in Paris.

**ÞÁTTUR:** Modern Family og New Girl. Og má ég víðurkenna að ég var „húkt“ á Glee þar til fyrir ekki svo löngu?

**BÓK:** 100 Years of Solitude eða 100 ára einsemd eftir Gabriel Garcia Marquez. Sumar setningar í bókinni spanna yfir heila blaðsíðu! Bækurnar hans Arnaldar Indriða eru líka snilld.



**PLATA:** Wait For Fate með JJ. Eins og eitthvað annað komi til greina?

**VEFSÍÐA:** Fyrst og fremst fíla ég www.mbl.is/frettir/sjonvarp enda fara öll MonitorTV-innslögin beint þangað og af þeim vill maður ekki missa. Svo er www.27bslash6.com fyndinn lestur.



STADUR: Bangkok og eyjarnar við Tæland eru í algjöru uppáhaldi, enda mínar „heima“-slóðir.

VELKOMIN Á BIFRÖST

# Umsóknarfrestur rennur út 15. júní



Háskólinn á Bifröst er framsækinn skóli í viðskiptum, lögfræði og hugvísindum og háskólasamfélagið er frábært umhverfi fyrir börn og fullorðna. Á Bifröst vinnum við saman í hópum, getum unnið allt árið og erum í sterkum tengslum við atvinnulífið.

JÓNSDÓTTIR & LEHMANN - JULIUS - SIA

## Frumgreinanám

- Frumgreinanám í fjar- og staðnámi

## Grunnnám

- HHS: Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, í fjar- og staðnámi
- Viðskiptafræði, alhliða viðskiptanám, í fjar- og staðnámi
- Viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti, í fjarnámi
- Viðskiptalögfræði, laganám með tengingu við rekstur, í staðnámi

## Meistaránám

- MA í menningarstjórnun
- MA í menningarfræðum
- ML í lögfræði
- MS í alþjóðaviðskiptum

Skoðunarferð um  
háskólaþorpið  
hefst á [Bifrost.is](http://Bifrost.is)

[Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is](http://Bifrost.is)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



[www.dominos.is](http://www.dominos.is) sími 58·12345

# EM VEISLA DOMINO'S!

Stór pizza af matseðli, 2L gos og Súkkulaði-, Kanil- eða Ostagott

**2.599 kr.**

Ef þú sækir. Gildir til 1. júlí.



**PAKKI AF EM  
FÓTBOLTAMYNDUM  
FYLGIR MEÐ!**

Á meðan birgðir endast



**PANTAÐU  
Á NETINU Í  
RÓ OG NÆÐI!**  
\*\*\*

Pepperoni veisla: Tvöfaldur skammtur af pepperoni og aukaostur

